

# Yfirlit um tveggja ára íslenskunám við TS

skipting áfanga á milli anna er einungis tillaga

<p>1. önn</p> <p>ÍSA192 – íslenska sem annað tungumál ÍSA102 – íslenska sem annað tungumál ÍST192 – taláfangi ÍST102 – taláfangi TÖN101 – tölvuáfangi – ritvinnsla fyrir erlenda nem. ÍPR301 – íþróttir</p> <p><b>Samtals 26 kest./viku</b></p>	<p>2. önn</p> <p>ÍSA202 – íslenska sem annað tungumál ÍSA292 – íslenska sem annað tungumál ÍST202 – taláfangi ENN192 – enska fyrir erlenda nem. LKN192 – lífsleikni fyrir erlenda nem. STN192 – stærðfræði fyrir erlenda nem. TÖN201 – tölvuáfangi – töflureiknir fyrir erlenda nem. ÍPR401 – íþróttir</p> <p><b>Samtals 34 kest./viku</b></p>
<p>3. önn</p> <p>ÍSA302 – íslenska sem annað tungumál ÍST302 – taláfangi ENN102 – enska fyrir erlenda nem. FSH1N3* – listir og fjölmening* STN102 – stærðfræði fyrir erlenda nem. ÍPR501 – íþróttir Valáfangar af ýmsum brautum skólans</p> <p><b>Samtals 20 kest./viku</b> +nám af öðrum brautum 10 til 14 kest./viku</p> <p>*þennan áfanga er hægt að taka á hvaða önn sem er</p>	<p>4. önn</p> <p>ÍSA212 – bókmenntaáfangi ÍSA392 – málfræðiáfangi ÍSA402 – íslenska sem annað tungumál ÍSA592 – íslenska sem annað tungumál ÍST402 – taláfangi ENN292 – enska fyrir erlenda nem. ÍPR601 – íþróttir Valáfangar af ýmsum brautum skólans</p> <p><b>Samtals 26 kest./viku</b> +nám af öðrum brautum 18 til 22 kest./viku</p>



**nýbúabraut**  
**íslenskunám fyrir erlenda nemendur**

## Inntökuskilyrði

- að nemandi eigi annað tungumál en íslensku að móðurmáli.

## Markmið námsins

- að búa nemendur undir frekara nám í íslenskum framhaldsskólum.
- að byggja markvisst upp íslenskan orðaforða á hinum ýmsu sviðum.

## Lýsing á náminu

Margir áfangar eru í boði, ýmist ætlaðir byrjendum eða lengra komnum. *Sjá baksíðu bæklingins*. Lagt er mat á getu umsækjanda áður en áfangi er valinn. Nemendur hafa val um fjölda þeirra áfanga sem þeir taka hverju sinni.

*Á fyrstu önn* læra nemendur því nær eingöngu íslensku. Þeir æfast í lestri og ritun texta, auk þess sem boðið er upp á kennslu í mæltu máli. Á fyrstu önn er að auki boðið upp á almenna tölvufræði ætlaða útlendingum, svo og íþróttir. Ekki er reiknað með að nemendur hafi nægilega íslenskukunnáttu til að sækja tíma ætlaða íslenskum nemendum þessa fyrstu önn. Búi nemandi hins vegar yfir nægilegri íslenskukunnáttu getur hann að sjálfsögðu sótt tíma með íslenskum jafnöldrum sínum.

*Á annarri önn* er aukið við íslenskukennsluna. Á þessari önn bætast jafnframt við enska og stærðfræði, svo og námsgreinin lífsleikni, en þar fá nemendur m.a. ýmsar gagnlegar upplýsingar um íslenskt þjóðfélag.

*Þriðja önnin* líkist önninni á undan en á þessu stigi má gera ráð fyrir að nemendur séu orðnir færir um að sækja áfanga ætlaða íslenskum nemendum til viðbótar við íslenskukennsluna.

*Á fjórðu önn* bætast m.a. við tímar í málfræði og jafnframt bókmenntaáfangar. Á þessari önn er gert ráð fyrir að nemendur búi yfir nægilegri íslenskukunnáttu til að taka þátt í námi ætluðu íslenskum jafnöldrum.

## Námsbækur

Nokkur kostnaður er vegna bókakaupa. Reynt er að halda þessum kostnaði í lágmarki. Mjög nauðsynlegt er að nemendur festi kaup á þeim bókum sem notaðar eru í kennslunni. Margar skólabækur má kaupa notaðar í upphafi annar á skiptibókamarkaði í skólanum og eru þessar bækur talsvert ódýrari en nýjar bækur.

## Skólasókn

Nemendur eiga að sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir eru skráðir í og mæta stundvíslega. Sé nemandi fjarverandi fær hann 1 fjarvistarstig en 0,5 stig komi hann of seint. Í lok annar fá nemendur einkunn fyrir skólasókn. Skólinn getur vísað nemanda frá námi sem ítrekað fer undir 80% í viðveru.

### Umsókn um skólavist

Hægt er að hefja nám í byrjun janúar (vorönn) eða 20. ágúst (haustönn).

Nýir nemendur skulu skila inn umsókn um nám á vorönn fyrir miðjan nóvember og um nám á haustönn í byrjun júní. Ekki er tryggt að hægt sé að taka inn nýja nemendur sem sækja of seint um skólavist.

Eldri nemendur þurfa að staðfesta að þeir vilji halda áfram námi á svokölluðum valdegi.

## Skólagjald

*Nauðsynlegt er að greiða skólagjöld á réttum tíma, annars er lítið svo á að nemandi ætli ekki að stunda nám.* Skólagjöldin eru innheimt fyrir hverja önn og eru þau mishá allt eftir eðli náms og fjölda áfanga. Hluti af skólagjöldum eru félagsgjöld til nemendafélags Iðnskólans (SIR) og geta nemendur fengið þau endurgreidd ef þeir kjósa að vera ekki í nemendafélaginu.



Allar frekari upplýsingar:

Tækniskólinn / Fjölmenningskólinn  
Skólavörðuholti  
101 Reykjavík  
Sími: 514 9000  
Fax: 517 3075  
Tölvupóstur: [tskoli@tskoli.is](mailto:tskoli@tskoli.is)  
Internet: [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)